

## AUGLÝSING

## um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 17. júní var í Reykjavík undirritaður svohljóðandi viðbótarsamningur við samning frá 4. júní 1948, um viðskipti milli Íslands og Danmerkur:

Með tilvísun til 8. greinar í samningi þeim um vöruskipti milli Íslands og Danmerkur, sem undirskrifaður var hinn 4. júní 1948, hafa ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Danmerkur orðið ásáttar um eftirfarandi samning:

Tímabilið 1. maí 1949 til 30. apríl 1950, að báðum dögum meðtöldum, skulu kvótar þeir, sem nefndir eru í vörulistum þeim I og II, sem hér með fylgja, gilda fyrir danskan útflutning til Íslands og íslenskan útflutning til Danmerkur.

Gjört í Reykjavík í tveim eintökum á íslenzku og dönsku, en báðir textarnir hafa sama gildi.

Hinn 17. júní 1949.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands  
Agnar Kl. Jónsson.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur  
Sandager Jeppesen.

## LISTI I

## Danskar vörur, sem innfluttar verða til Íslands.

Undir vörulista þennan falla allar vörur, sem fluttar eru út eftir 1. maí 1949, svo og danskar vörur, sem liggja í íslenskum vörugeymslum og ekki hafa þegar verið tollafgreiddar.

Vöruheiti	Magn í smál.	Verð í 1000 d.kr.
Smjör .....	400	„
Hafragrjón .....	1000	„
Rúgur og/eða rúgmjöl .....	1000	„
Malt .....	250	„
Ávextir, nýir .....	„	100
Niðursoðinn fiskur .....	„	100
Útsæðis- og neyzlukartöflur .....	3500	„
Grænmeti, nýtt, þurrkað og niðursoðið .....	„	200
Sykur .....	2000	„
Vínandi, ákavíti og líkör .....	„	600
Munntóbak og neftóbak .....	„	50
Ger .....	„	100
Efnavörur, lyfja- og lyfjabúðarvörur .....	„	500
Litir og lökk .....	„	150
Gúmmívörur, færslubönd og vélareimar .....	„	100
Húsgögn .....	„	P. M.
Aðrar vörur úr tré .....	„	200
Korkeiðangrunarvörur og aðrar korkvörur .....	„	P. M.
Bækur og tímarit, pappír, pappi og pappavörur, þar með talið veggfóður .....	„	750
Sement .....	20000	„
Vörur úr steini, leir, fajance og tekniskt postulín, aðallega búshöld úr postulíni .....	„	100

Vöruheiti	Magn í smál.	Verð í 1000 d.kr.	
Málmlöndur .....	„	150	9. júlí
Vörur úr járni, stáli og öðrum ódýrum málmum, steypu- járnvörur innifaldar .....	„	1000	
Varahlutir til bifreiða .....	„	100	
Vélar, tæki og varahlutar til þeirra .....	„	3500	
Útvarps-, ritsíma- og síma- og tæki, svo og raf- magnsinnlagningavörur .....	„	1000	
Rafstrengir og leiðslur .....	„	600	
Rafhlöður, þurrar .....	„	100	
Garnir .....	„	50	
Gras- og garðfræ .....	„	400	
Gróðrarstöðvarvörur .....	„	50	
Penslar og burstar .....	„	50	
Ýmislegt .....	„	2000	

## LISTI II

## Íslenzkar vörur, sem innfluttar verða til Danmerkur.

Vöruheiti	Magn	
<b>Saltsíld:</b>		
hausuð og magadregin .....	} 20000 tonn	
sykursöltuð .....		
krydduð .....		
Saltfiskur .....	500 tonn	
Sildarmjöl .....	10% af útfluttri sumarframleiðslu 1949 til 15. sept. og 20% af vetrar- framleiðslu 1949/50.	
Sildarlýsi .....	7½% af sumarframleiðslunni 1949 til 15. sept. og 15% af vetrarfram- leiðslu 1949/50.	
		Verð í 1000 d.kr.
Niðursoðinn fiskur .....		200
Hestar .....		P. M.
Ull og ullargarn .....		1000
Gærur, saltaðar og sútaðar .....		1500
Húðir saltaðar .....		P. M.
Kálfskinn, söltuð og görfuð .....		P. M.
Selskinn, hert og söltuð .....		100
Steinbitsroð, söltuð og görfuð .....		200
Æðardúnn .....		P. M.
Lamba- og kindagarnir .....		800
Þorskalýsi og stearin .....		2500
Ýmislegt .....		2000

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. júlí 1949.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.